# HRUNAMANNAHREPPUR

## 9. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR
## KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018  2. FUNDUR ÁRSINS
## VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 5. FEBRÚAR 2015
## KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2015, þann 5. febrúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

***<u>Erindi til sveitarstjórnar:</u>***

1. Högnastígur gatnagerð 2015: Niðurstaða útboðs.
2. KPMG:  Skýrsla til sveitarstjóra.
3. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
4. Hjólabókin: Styrkbeiðni.
5. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis:  Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um Menntamálastofnun.
6. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis:  Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um örnefni.
7. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis:  Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um grunnskóla.
8. Byggðasamlag um skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.
9. KPMG:  Kjör sveitarstjórnarmanna á Suðurlandi.
10. Fannborg ehf: Samningur um nýtingu Fannborgar á landssvæði í Kerlingarfjöllum.
11. Þroskahjálp: Styrkbeiðni vegna Akurgerðis 11, Flúðum.
12. Tæknisvið Uppsveita:  Minnisblað vegna sorphirðu í Uppsveitum.
    -liggur frammi á fundinum-
13. Siðareglur Hrunamannahrepps.

***<u>Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:</u>***

14. Skólanefnd: Fundargerð 3. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 29. janúar s.l.
15. Skólanefnd: Fundargerð 3. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 29. janúar s.l.

***<u>Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:</u>***

16. Fundargerð 83. fundar skipulagsnefndar frá 29. janúar s.l, og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 4. desember til 31. desember s.l.
    Mál nr. 10: Iðnaðarsvæði Flúðum.  Deiliskipulag á gámasvæði.
    Mál nr. 11: Efri Kisubotnar.  Svæðis og aðalskipulagsbreyting.
    Mál nr. 16: Landsskipulagsstefna 2015-2026.
    Mál nr. 15: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
17. Oddvitafundur Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:Fundargerð frá 14. janúar s.l.
18. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings: Fundargerð 8. fundar frá 13. janúar s.l.
19. NOS:  Fundargerð 5. fundar NOS frá 29. janúar s.l.

***<u>Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:</u>***

a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 235. fundar stjórnar frá 6. janúar s.l.
b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 237. fundar stjórnar frá 26. janúar s.l.
c. SASS:  Fundargerð 489. fundar stjórnar frá 16. janúar s.l.
d. Fagráð Tónlistarskóla Árnesinga: 170. fundur fagráðs frá 5. janúar s.l.
e. Fagráð Tónlistarskóla Árnesinga: 171. fundur fagráðs frá 26. janúar s.l.
f. Héraðsnefnd Árnesinga bs:  Fjárhagsáætlun 2015.
g. Stjórn þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólk á Suðurlandi:  Fundargerð stjórnar frá 27. janúar s.l.

***<u>Kynningarmál:</u>***

h. Landbótaáætlun fyrir Hrunamannaafrétt 2015-2020:  Lagfæringar.
i. Námsmatsstofnun:  Ytra mat á leikskólanum Undralandi.
j. Sorpstöð Suðurlands:  Magn úrgangs í Hrunamannahreppi 2014.

k. SASS: Staða menntaverkefna Sóknaráætlunar Suðurlands.
l. Sunnlenski skóladagurinn 2016.
m. Dagur leikskólans 6. febrúar 2015.
n. Endurskoðun aðalskipulags: Fundargerð vinnufundar frá 8. janúar s.l.
o. Endurskoðun aðalskipulags: Fundargerð vinnufundar frá 27. janúar s.l.
p. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 19. stjórnarfundar frá 12. janúar s.l.

***Fundir framundan:***

q. Samband íslenskra sveitafélaga: Landsþing 17. apríl n.k. í salnum í Kópavogi.
r. Landssamtök landeiganda á Íslandi: Aðalfundur 13. febrúar n.k.

**Gengið til dagskrár:**

1. **Högnastígur gatnagerð 2015: Niðurstaða útboðs.**
   Oddviti kynnti tilboð sem bárust í gatnagerð í Högnastíg á Flúðum í kjölfar útboðs. Þrjú tilboð bárust: Gröfutækni ehf, kr. 58.958.000, Borgarverk ehf, kr. 71.352.000 og Árni ehf, kr. 74.000.000. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á kr. 58.130.960. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi um verkið við lægstbjóðanda Gröfutækni ehf.
2. **KPMG: Skýrsla til sveitarstjóra.**
   Oddviti kynnti skýrslu til sveitarstjóra frá KPMG vegna árlegrar stjórnsýsluskoðunar.
3. **Landsskipulagsstefna 2015-2026.**
   Oddviti kynnti athugasemdir sem Samband íslenskra sveitarfélaga og stjórn Félags sauðfjárbænda í Árnessýslu hefur skilað til Skipulagsstofnunar vegna draga að Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Sveitarstjórn tekur undir athugasemdir Sambandsins og sauðfjárbænda. Að öðru leyti mun sveitarstjórn vísa til umsagnar Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs sem er á lokastigi.
4. **Hjólabókin: Styrkbeiðni.**
   Oddviti kynnti erindi frá Ómari Smára Kristinssyni þar sem hann biður um styrk vegna vinnu við útgáfu hjólabókar um Árnessýslu. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 50.000. Sveitarstjórn beinir því til styrkþega að vera í sambandi við formann ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps um framsetningu verkefnisins.
5. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um Menntamálastofnun.**
   Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um Menntamálastofnun.
6. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um örnefni.**
   Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um örnefni.
7. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um grunnskóla.**
   Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um grunnskóla.
8. **Byggðasamlag um skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.**
   Oddviti kynnti nýjar samþykkir fyrir fyrirhugað byggðasamlag um skóla- og velferðarþjónustu Árnessþings. Byggðasamlagið kemur í stað samstarfssamnings um sama verkefni. Jafnframt er lögð fram starfslýsing Forstöðumanns skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs., erindisbréf Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnsþings og erindisbréf stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. (NOS). Sveitarstjórn samþykkir fyrirliggjandi samþykktir fyrir byggðasamlagið, starfslýsingu forstöðumanns og erindisbréf nefndarinnar og NOS. Sveitarstjórn felur oddvita eða sveitarstjóra að undirrita öll skjöl vegna byggðasamlagsins.
9. **KPMG: Kjör sveitarstjórnarmanna á Suðurlandi.**
   Oddviti kynnti skýrslu KPMG um kjör sveitarstjórnarmanna á Suðurlandi.
10. **Fannborg ehf: Samningur um nýtingu Fannborgar á landssvæði í Kerlingarfjöllum.**
    Oddviti kynnti beiðni Fannborgar ehf um að gerður verði nýr samningur um nýtingu landssvæðis í Kerlingarfjöllum vegna starfssemi félagins en landsvæðið er þjóðlenda. Sveitarstjórn samþykkir að gerður verði nýr samningur við Fannborg ehf um nýtingu svæðis og felur sveitarstjóra að vinna drög að samningi við Fannborg ehf í samræmi við umræður á fundinum.
11. **Þroskahjálp: Styrkbeiðni vegna Akurgerði 10, Flúðum.**
    Oddviti kynnti erindi frá Þroskahjálp um rekstrarstyrk vegna húseignar félagsins að Akurgerði 10, Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja starfssemi

Þroskahjálpar sem nemur 50% af almennum fasteignaskatti af fasteigninni Akurgerði 10 fyrir árið 2015

12. **Tæknisvið Uppsveita: Minnisblað vegna sorphirðu í Uppsveitum.**
Oddviti kynnti drög að minnisblaði sem Tæknisvið Uppsveita hefur unnið vegna möguleika á sameiginlegri sorphirðu í Uppsveitum og Flóa. Auk þess er verið að skoða möguleika á samræmingu við flokkun sorps á svæðinu.
13. **Siðareglur Hrunamannahrepps.**
Oddviti kynnti siðareglur fyrir kjörna fulltrúa í Hrunamannahreppi sem settar voru á árinu 2013. Sveitarstjórn telur ekki þörf á að endurskoða gildandi siðareglur.

***<u>Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:</u>***

14. **Skólanefnd: Fundargerð 3. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 29. janúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla. Þar var farið yfir skýrslu skólastjóra m.a. kynntar niðurstöður samræmdra prófa, vinnumat kennara, könnun meðal foreldra, innleiðingu skóla- og æskulýðsstefnu og samning við Skólapúlsinn. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og felur jafnframt sveitarstjóra að skoða undirbúning fyrir sameiginlega starfsmannastefnu fyrir sveitarfélagið.
15. **Skólanefnd: Fundargerð 2. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 29. janúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar nefndarinnar vegna leikskóla. Þar var farið yfir skýrslu leikskólastjóra, undanþágubeiðni vegna vistunar yngra barns, ytra mat leikskólans, sunnlenska skóladaginn 2016 og innleiðingu á skóla- og æskulýðsstefnu. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og felur jafnframt sveitarstjóra að skoða undirbúning fyrir sameiginlega starfsmannastefnu fyrir sveitarfélagið. Þá fagnar sveitarstjórn sérstaklega því tækifæri að Námsmatsstofun hefur samþykkt að ytra mat fari fram á leikskólanum Undralandi á árinu 2015.

***<u>Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:</u>***

16. **Fundargerð 83. fundar skipulagsnefndar frá 29. janúar s.l, og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 4. desember 2014 til 2. janúar 2015.**
Oddviti kynnti fundargerð 83. fundar skipulagsnefndar frá 8. janúar 2015. Afgreiðslur einstakra mála sem varða Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:
**Mál nr. 10: Iðnaðarsvæði Flúðum. Deiliskipulag á gámasvæði.**
Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á gámasvæði á Flúðum. Lýsing deiliskipulagsins var kynnt með auglýsingu í janúar 2015 og rann út frestur til athugasemda þann 29. janúar s.l. Engar athugsemdir bárust. Þá hefur verið leitað umsagnar umsagnaraðila vegna skipulagslýsingarinnar.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að fela skiplagsfulltrúa að kynna deiliskipulagstillöguna skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og senda hana til umsagnar sömu aðila og fengu lýsingu deiliskipulagsins nema Skipulagsstofnun.
**Mál nr. 11: Efri Kisubotnar. Svæðis- og aðalskipulagsbreyting.**
Lögð var fram að nýju erindi Fannborgar ehf, þar sem óskað var eftir breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps þannig að hægt verði að deiliskipuleggja svæði í Efri-Kisubotnum fyrir gistiaðstöðu. Þá var óskað eftir sambærilegri breytingu á svæðisskipulagi Miðhálendisins. Sveitarstjórn frestaði afgreiðslu málsins þann 2. október s.l. þar til umsögn Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps lægi fyrir um staðsetningu. Umsögn Landbúnaðarnefndar liggur fyrir þar sem fram koma engar athugasemdir við staðsetningu.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að gerð verði breyting á svæðis- og aðalskipulagi svæðisins sem felur í sér að gert verði ráð fyrir gistiaðstöðu í Efri-Kisubotnum.
**Mál nr. 15: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.**
Lagðar fram.
**Mál nr. 16: Landsskipulagsstefna 2015-2026.**
Kynnt var að skipulagsfulltrúi vinni drög að athugasemdum við landskipulagsstefnuna.

17. **Oddvitafundur Uppsveita Árnessýslu: Fundargerð frá 14. janúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð oddvita Uppsveita og Flóahrepps frá 14. janúar s.l. Farið var yfir kjaramál skipulags- og byggingarfulltrúaembættisins, þjónustu tæknisviðs og starfsmannamál, aðild Flóahrepps að Tæknisviði Uppsveita, hugsanlegt útboð á tryggingum, sorpmál, tækjakaup og samstarfssamning um notkun seyru til landgræðslu. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
18. **Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings: Fundargerð 8. fundar frá 13. janúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 8. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var fjallað um trúnaðarmál, kynningu á starfsáætlun skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings 2015, kynningu á stefnumörkun Sambands íslenskra sveitafélaga í skóla- og velferðarmálum 2014-2018. Sagt var frá því að Barnaverndarstofa verður með fræðslu fyrir nefndarmenn og starfsfólk í barnavernd á Suðurlandi og að lokum var farið yfir önnur mál. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.
19. **NOS: Fundargerð 5. fundar NOS frá 29. janúar s.l.**
Oddviti lagði fram fundargerð 5. fundar NOS. Þar voru lögð fram drög að nýjum samþykktum fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs, nýju embættisbréfi fyrir NOS, erindisbréfi Skólaþjónustu- og velferðarnefndar, starfslýsingu forstöðumanns byggðasamlagsins, húsnæðismál og ráðningmál vegna sálfærðings í hlutastarf. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

***<u>Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:</u>***

s. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 235. fundar stjórnar frá 6. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
a. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 237. fundar stjórnar frá 26. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
b. **SASS: Fundargerð 489. fundar stjórnar frá 16. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
c. **Fagráð Tónlistarskóla Árnesinga: 170. fundur fagráðs frá 5. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
d. **Fagráð Tónlistarskóla Árnesinga: 171. fundur fagráðs frá 26. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
e. **Héraðsnefnd Árnesinga bs: Fjárhagsáætlun 2015.**
Lagt fram til kynningar.
f. **Stjórn þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólk á Suðurlandi: Fundargerð stjórnar frá 27. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.

***<u>Kynningarmál:</u>***

g. **Landbótaáætlun fyrir Hrunamannaafrétt 2015-2020: Lagfæringar.**
Lagt fram til kynningar.
h. **Námsmatsstofnun: Ytra mat á leikskólanum Undralandi.**
Lagt fram til kynningar.
i. **Sorpstöð Suðurlands: Magn úrgangs í Hrunamannahreppi 2014.**
Lagt fram til kynningar.
j. **SASS: Staða menntaverkefna Sóknaráætlunar Suðurlands.**
Lagt fram til kynningar.
k. **Sunnlenski skóladagurinn 2016.**
Lagt fram til kynningar.
l. **Dagur leikskólans 6. febrúar 2015.**
Lagt fram til kynningar.
m. **Endurskoðun aðalskipulags: Fundargerð vinnufundar frá 8. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
n. **Endurskoðun aðalskipulags: Fundargerð vinnufundar frá 27. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
o. **Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 19. stjórnarfundar frá 12. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.

***Fundir framundan:***

p. **Samband íslenskra sveitafélaga: Landsþing 17. apríl n.k. í salnum í Kópavogi.**
   Lagt fram til kynningar.

q. **Landssamtök landeiganda á Íslandi: Aðalfundur 13. febrúar n.k.**
   Lagt fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:45.